

## REGLUGERÐ

### um holræsagjald í Reykjavík.

#### 1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalagnir liggja, skal greiða árlegt holræsagjald til borgarsjóðs Reykjavíkur.

#### 2. gr.

Af öllum fasteignum, er falla undir 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0,15% af heildarfasteignamati fasteignarinnar, þ.e.a.s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

#### 3. gr.

Borgarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% gjald samkvæmt 2. gr., án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

#### 4. gr.

Holræsagjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimta með sama hætti og fasteignaskatta.

#### 5. gr.

Húseigandi og lóðarhafi, lóðareigandi, ef um eignarlóð er að ræða, bera ábyrgð á greiðslu holræsagjalds, og er gjaldið tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi skal taka gildi við álagningu holræsagjalds árið 1995.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1994.*

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

*Sesselja Árnadóttir.*

15. desember 1994

Nr. 659

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Hafnarfirði nr. 507/1975.

#### 1. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar falli brott.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1994.*

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

*Sesselja Árnadóttir.*